

1867.

29. marz.

15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1867—68.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða það frumvarp, sem lagt hefir verið fyrir það, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1867 til 31. marzmán. 1868, og í síðasta lagi þangað til 31. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjalda-greindir, sem til eru færðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1867.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 29. marzmán. 1867.

3. apríl.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um það, hvenær eigi að senda bönarbréf um að fá kennslu í yfirsetukvennafræði á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn.

Með því að hin konunglega fæðingar- og uppfæðslustofnun í Kaupmannahöfn mun verða lokuð júlí- og ágústmánuð á hverju ári, og þessi ráðstofun mun hafa í för með sér, að breyting verður gjörd á kennslutíðinni í yfirsetukvennaskólanum og eins á því, hvenær konur þær, sem teknar eru til kennslu, eiga að koma í hann, þá á framvegis fyrst um sinn að senda bænarbréf um að komast í yfirsetukvennaskólann að eins einusinni á ári,